

LÖG

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds skulu á árinu 1982 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1981 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangsskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1981.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1982 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1981. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúm- mál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1982 skila skráum skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt sem ekki nær 1 500 kr. skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII—XIV kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1982 sem rekstrar-útgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1983. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1982.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1982.

Gunnar Thoroddsen.

Jón Helgason.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

Nr. 20.

3. maí 1982.

LÖG

um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. lög nr. 7/1982, og breyting á lögum nr. 84 21. des. 1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftir 1. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1980, sbr. 2. gr. laga nr. 5/1976, komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal útflutningsgjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum vera 2.5% af f.o.b.-verðmæti.

2. gr.

1. grein laga nr. 84/1981, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1976, orðist svo:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að áður en gjald er lagt á saltsild og söltuð matarhrogn samkvæmt 2. gr., skuli draga frá f.o.b.-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að gjald samkvæmt 2. gr. skuli ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum, sem verkuð eru á svipaðan hátt.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau, ásamt öðrum gildandi breytingum, inn í lög nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og gefa lögin út þannig breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.